



**Iðnaðarnefnd Alþingis**  
Bt. Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
Alþingi  
150 Reykjavík

4. febrúar 2005

Efni:

**Umsögn um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum (mál 375).**

**1. gr.**

Í 1. gr. um markmið laganna segir: „skynsamleg stjórn og hagkvæm nýting náttúruauðlinda”. Hér er rík ástæða til að vísa til „sjálfbærrar nýtingar auðlinda” sem felur í sér að litið sé til umhverfislegra, fjárhagslegra og efnahagslegra þátta.

**2. gr. og gr. III til bráðabirgðar**

Jarðrænar auðlindir eru skilgreindar sem hvers konar jarðefni, frumefni, lífræn og ólífræn efnasambönd, vatn og orkulindir. Í 2. gr. segir að lögin taki til allra jarðrænna auðlinda á landi og í jörðu, en ekki til gróðurs og annarra lífvera. Í ákvæði til bráðabirgða nr. III segir að lögin taki eftir því sem við á til rannsókna og nýtinga á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum. Þá er kveðið á um það að skipa nefnd til að skilgreina hvar mörkin liggja á milli hagnýtingar hveraörvera og reglna sem stuðla að varðveislu og sjálfbærri nýtingu efnisþátta líffræðilegrar fjölbreytni í íslenski náttúru. Stjórn Landverndar telur það skýrara og skynsamlegra að lögin taki eingöngu til jarðrænna auðlinda, en rannsóknir og nýting örvera og lífrænna auðlinda á landi sé alfarið á verksviði umhverfis- og landbúnaðarráðuneyta og stofnana þeirra.

**14. gr.**


Það er hlutverk Náttúrufræðistofnunar að annast almennar rannsóknir á náttúrufari landsins en Orkustofnunar að hafa yfirumsjón með rannsóknnum og nýtingu jarðrænna auðlinda. Nýtingarannsóknir hafa hin síðari ár verið að langmestu leyti á höndum umsækjanda og enn meiri áherslu verður lagt á það nái þetta frumvarp fram að ganga. Óhjákvæmilega tengjast almennar rannsóknir á náttúrufari og nýtingarannsóknir og erfitt getur verið að aðgreina almennar rannsóknir á náttúrufari landsins og sértækar nýtingarannsóknir á jarðrænum auðlindum. Því er mikilvægt að þessar tvær stofnanir eigi gott samstarf. Í 14. gr. er fjallað um málsmeðferð. Þar segir að áður en leyfi sé veitt skuli Orkustofnun leita umsagna Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar, og sjávarútvegsráðuneytis ef umsókn um rannsóknir varðar auðlind í netlögnum.

Stjórn Landverndar telur framangreind ákvæði um umsögn afar mikilvæg en telur einnig þörf fyrir ákvæði sem tryggi opna og gagnsæja umfjöllun. Innkomnar umsóknir um rannsóknar- og nýtingarleyfi ættu að vera aðgengilegar fyrir alla aðila

Stjórn Landverndar telur mikilvægt að settar verði vinnulagsreglur sem tryggi faglega og gegnsæja umfjöllun um umsóknir. Aðkoma þingflokkananna að þessu starfi liggur ekki í augum uppi þar sem um stjórnsýsluverkefni er að ræða. Hið sama má segja um aðkomu Samorku. Ef Samorka á að koma að gerð viðkomandi reglna er jafn sjálfsagt að fulltrúar annarra aðila komi að málinu þar sem margir aðrir hagsmunir eru í húfi, m.a. umhverfis og náttúruverndarhagsmunir.

Virðingarfyllst,

Fh. stjórnar Landverndar

  
Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri